



## **329. Stjórnarfundur haldinn 11. mars 2009 kl:17:05**

**Mættir: Einar, Kári, Birgir, Sveinn, Guðjón og Bjarney.**

### **1. Skipting stjórnar.**

EH lagði fram tillögu um stjórnarskipan. KG varaformaður, ÞMK gjaldkeri, SG ritari og BI meðstjórnandi. *Samþykkt.* Varamenn eru SA, GA og BSS.

### **2. Fundagerð síðasta fundar.**

Lesinn og samþykkt.

### **3. Innkominn bréf.**

Bréf frá Landsbankanum v/ yfirlits um sparibréf Landsbankans, boðsbréf frá Rannsókn og Greiningu v/ 10 ára afmælis, tölvupóstur frá Ingigerði Sæmundsdóttur verkefnastjóra FFGÍR v/ málþings „*BÖRN Í REYKJANESBÆ OG VELFERÐ ÞEIRRA*“ sem haldið er laugardaginn 14. mars kl. 10:00 – 16:00 í Virkjun á Vallarheiði. *Keflavík verður með kynningu á félaginu á málþinginu.*

### **4. Send bréf.**

Svarbréf til Guðjónínu Sæmundsdóttur v/ fimleika.

Tölvupóstur sendur á stjórnendur deilda félagsins v/ fundagerðabóka.

### **5. 80 ára afmæli félagsins.**

Umræður um með hvaða hætti ætti að halda upp á þennan merkisáfangna. Ákveðið að biðja með að skipa í afmælisnefndina þar til á næsta fundi.

### **6. Landsmót á Akureyri.**

*Ákveðið er að skipa BSS og SA í landsmótsnefnd og BSS verði formaður nefndarinnar.* Framkvæmdastjóra falið að kalla eftir einum fulltrúa frá deildum félagsins sem skipa mun nefndina ásamt BSS og SA.

### **7. Önnur mál.**

EH kom inn á þá miklu velgegni í yngriflokkum körfuboltans en unglingaráð körfuknattleiksdeildar Keflavíkur hélt bikarúrslit yngir flokka og tókst það vel. Keflavík var með lið í fjórum flokkum og urðu öll liðin bikarmeistarar. EH leggur til að aðalstjórn bjóði stjórn körfuknattleiksdeildar, unglingaráði, þjálfurum flokkanna og iðkendum þeirra í samsæti sem haldið verði í félagsheimili okkar. Nokkrar umræður um máli. Aðalstjórn samþykkir að halda slíkt hóf og framkvæmdastjóra falið að koma þessu á.

Næsti fundur 25. mars. 2009 kl.17:05.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl.18:10  
Fundinn ritaði BI

